

Ársskýrsla 2024



Minjastofnun
Íslands

Ljósmynd á forsíðu:

Endurhlaðin varða á leiðinni frá Kjaransvík að Hesteyrarbrúnum á Hornströndum.

Ljósmyndari: Lísabet Guðmundsdóttir, minjavörður Vestfjarða.

© 2025 Minjastofnun Íslands
Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland

(+354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnes Stefánsdóttir

Ómar Valur Jónasson

Sólrún Inga Traustadóttir

Ábyrgðarmaður:

Rúnar Leifsson

ISSN 2547–6475

Efnisyfirlit

Kveðja forstöðumanns	5
Um stofnunina	7
Mannauðsmál	7
Lagabreytingar	7
Starfsmannaferðir	8
Græn skref.....	10
Ársfundur	10
Minjaverndarviðurkenning.....	11
Verkefni ársins	12
Stöng.....	12
Brekkaheiði	15
Hornstrandir	16
Efri-Jökuldalur.....	17
Laugarnes.....	18
Verndarsvæði í sjó.....	19
Þverá í Blönduhlíð.....	20
Verndun og friðlýsingar	21
Ráðgefandi nefndir og minjaráð	26
Samstarfsverkefni	27

Innlent samstarf.....	27
Alþjóðlegt samstarf	27
Franski sendiherrann í heimsókn.....	28
Menningarminjadagar Evrópu	28

Leyfisveitingar..... 29

Fornleifarannsóknir	29
Inn- og útflutningur menningarminja.....	29

Skráning menningarminja..... 30

Hús og mannvirki	30
Fornleifar 30	

Málafjöldi og viðfangsefni..... 31

Fjármál..... 32

Fornminjasjóður 2024.....	32
Fornminjasjóður, rekstrarreikningur	33
Húsafriðunarsjóður 2024	34
Húsafriðunarsjóður, rekstrarreikningur	35
Minjastofnun Íslands, rekstrarreikningur....	36

Kveðja forstöðumanns

Til stóð að leggja Minjastofnun Íslands niður með lögum á árinu 2024. Var það hluti áforma um sameiningu stofnana sem heyra undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti og sem unnið hafði verið að undanfarandi tvö ár. Sameina átti Minjastofnun við náttúruverndarhluta Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Frumvarp þess efnis var flutt á Alþingi í marsmánuði en í meðförum þingsins tók það nokkrum breytingum og í júní voru Minjastofnun og Þingvallapjóðgarður tekin út úr fyrirhugaðri sameiningu. Niðurstaða Alþingis var sú að málaflokkur menningarminja ætti að standa sjálfstæður en ekki í stærri Náttúruverndar- og minjastofnun.

Við þessa niðurstöðu rofnaði viss kyrrstaða sem skapaðist um stofnunina í sameiningarferlinu þegar framtíð hennar var óráðin. Minjastofnun heldur nú áfram veginn að framþróun minjaverndar í landinu í ljósi stefnumörkunar 2022 – 2027 og nýrrar skýrslu ráðuneytisins um stöðu minjaverndar í landinu og tillögur til úrbóta við framkvæmd hennar.

Menningararfur í öllum sínum fjölbreytileika er fjöregg hvernar þjóðar. Haustið 2024 fögnuðum við merkjum áfanga sem sýnir í verki að fortíðin er okkur hugleikin og að við viljum miðla henni af virðingu og myndarskap. Ný og endurbætt yfirbygging bæjartóftanna á Stöng í Þjórsárdal var formlega opnuð. Með byggingunni er stórt skref stigið í minjavernd, aðkomu og aðstöðu gesta sem þangað koma í þúsundatali á ári hverju til að berja augum þá einstöku minjaheild frá víkingaöld sem þar er að finna og er þekkt langt út fyrir landsteinana.

Nú hefur Stöng, líkt og hún var þegar Aage Roussel, Kristján Eldjárn og félagar skildu við hana árið 1939, verið bjargað. Það er hrífandi að skoða 1000 ára gamlar minjar í eins miklu návígi og hægt er á Stöng: gólfín sem áar okkar gengu á, eldstæðin sem voru ljós og hitagjafar, setin þar sem fólk starfaði á daginn og svaf um nætur og vefjarstofuna þar sem konur ófu vaðmál til heimilis og útflutnings. Frekari rannsóknir munu án efa fara fram á svæðinu í framtíðinni sem bæta munu við þekkingu okkar á bæjarstæði Stangar, á Þjórsárdal og á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. En næsti áfangi er að leysa mál sem varða miðlun, bæði á Stöng sem og í dalnum í heild. Nú hefjumst við handa við skiltagerð og mögulega stafrænar lausnir til að draga fram sem best sögu svæðisins. Það er sannarlega spennandi að eiga slíkt viðfangsefni á komandi misserum.

Íslenskar menningarminjar eru gjarnan úr forgengilegum efnum. Fornleifar eru viðkvæmar og láta kannski lítið yfir sér við fyrstu sýn, eða þar til þær eru grafnar fram með aðferðum fornleifafræðinnar. Vilji er til að varðveita suma þessara staða til framtíðar að rannsókn lokinni og mikilvæg spurning er hvaða leiðir eru færar til þessa. Hvernig hlúum við sem best að minjunum eftir uppgröft, hvernig gerum við þær skiljanlegar almenningi og ekki síst, hvernig er hægt að haga uppbyggingu innviða við minjastaði og einstakar fornminjar án þess að þeir skyggi á sjálft viðfangið? Þetta eru sannarlega áskoranir og viðvarandi

viðfangsefni Minjastofnunar Íslands. Sú leið sem farin var á Stöng byggði á langri sögu varðveislu á staðnum og fyrri innviðum, en sömu lausnir eiga ekki endilega við allsstaðar.

Ársfundur Minjastofnunar var tileinkaður þessu mikilvæga efni. Málþingið var haldið með góðum gestum síðla árs undir yfirskriftinni *Að uppgrefti loknum: Miðlun og nýting minjastaða*. Þar var skoðað frá ýmsum sjónarhornum hvað gerist á minjastað að rannsókn lokinni og mismunandi nálganir í varðveislu og miðlun ræddar. Umræður gáfu gott veganesti til framtíðar þegar hugað verður að frekari uppbyggingu við minjastaði landsins.

Minjaverndarviðurkenninguna þetta árið hlutu hjónin Snorri Guðvarðsson og Kristjana Agnarsdóttir fyrir brautryðjendastarf þeirra við málun friðlýstra og friðaðra kirkna og húsa.

Rúnar Leifsson

Dr. Rúnar Leifsson
Forstöðumaður



Mynd 1: Dr. Rúnar Leifsson, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.

Um stofnunina

Mannauðsmál


Dr. Rúnar Leifsson var skipaður í embætti forstöðumanns Minjastofnunar Íslands árið 2024 af Guðlaugi Þór Þórðarsyni, umhverfis - orku- og loftlagsráðherra, skipunartíminn er frá 1. janúar 2025 og gildir til næstu fimm ára.

Rúnar hefur verið settur forstöðumaður Minjastofnunar frá 1. maí 2023, þegar þáverandi forstöðumaður lét af störfum. Rúnar starfaði sem sérfræðingur á skrifstofu menningar og fjölmiðla í menningar- og viðskiptaráðuneyti frá 2022 og sem sérfræðingur á sömu skrifstofu hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 2019. Frá 2014 starfaði Rúnar hjá Minjastofnun Íslands sem minjavörður Norðurlands eystra og Austurlands, en áður starfaði hann við fornleifarannsóknir allt frá árinu 2003.

Rúnar er með B.A. gráðu í fornleifafræði með bókmenntafræði sem aukafag frá Háskóla Íslands frá árinu 2004. Árið 2005 lauk hann meistaranámi í dýrabeinafornleifafræði frá York háskóla á Englandi og doktorsnámi í fornleifafræði árið 2018 frá Háskóla Íslands.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru gerðar árið 2024.



Mynd 2: Starfsfólk Minjastofnunar ásamt fylgifiskum í starfsmannaferð í Póllandi.

Starfsmannaferðir

Minjavarslan í Póllandi tók vel á móti starfsfólki Minjastofnunar Íslands í Varsjá með þéttri dagskrá dagana 9. - 13. október. Starfsfólk fékk kynningu á starfsemi minjavörslunar í Póllandi, *Narodowy Instytut Dziedzictwa (NID)*, þar sem sérfræðingar stofnunarinnar sögðu frá helstu verkefnum og áskorunum. Ljóst er að margt er líkt með stofnununum tveimur og má þar nefna skráningu fornleifa og byggingararfs, friðlýsingar og viðhald menningarminja, gagnagrunnmál, miðlun ofl. Alls starfa um 200 manns hjá *Narodowy Instytut Dziedzictwa* sem eru með aðalskrifstofu í Varsjá.

Farið var í leiðsögn um *gamla bæinn* í Varsjá þar sem Agnieszka Sus-Tomaszuk, fornleifafræðingur, sagði frá enduruppbyggingu húsa eftir að nasistar sprengdu borgina í síðari heimsstyrjöld og skildu eftir sem rústir einar. Húsin voru endurgerð í þeirri mynd sem þau voru á seinni hluta 18. aldar. Við endurgerðina var m.a. notast við málverk Bernardo Bellotto (Canaletto), listmálara. Það var einstakt að sjá hversu vel tókst til við endurgerðina en einnig hvernig hlutar einstakra húsa fengu að halda sér til minnis um þá eyðileggingu sem varð í stríðinu. *Gamli bæinn* í Varsjá er nú á heimsminjaskrá UNESCO.



Mynd 3: Starfsfólk við göngu um gamla bæinn í Varsjá.



Mynd 4: Hópmýnd við Zamek Królewski.

Krzemionki tinnusteinsnámurnar í *Świętokrzyski fjallahéraðinu* voru heimsóttar undir fróðlegri leiðsögn dr. Szymon Modzelewski, fornleifafræðings. Námurnar eru forsögulegar, eða frá 4000 – 2000 árum f.Kr. og ná yfir allt að 4,5 km svæði en um 4000 slíkar námur eru þekktar í öllu héraðinu. Gröftur eftir tinnusteini (e. *flint*) fór þar fram yfir 5000 ára tímabil og fornleifarannsóknir hafa m.a. leitt í ljós hvernig aðferðum var beitt á forsögulegum tíma til að ná í þetta eftirsótta hráefni úr hvítum kalksteini (e. *limestone*) sem einkennir jarðfræði svæðisins. Námurnar í *Krzemionki* eru á heimsminjaskrá UNESCO.

Auk þessa var farið í *Kampinoski* þjóðgarðinn sem er þekktur fyrir einstaka náttúru og dýralíf en þar eru einnig að finna fornleifar og hús. Agnieszka Oniszcuk, fornleifafræðingur hjá *NID*, leiddi hópinn um þjóðgarðinn þar sem skoðað var virki frá miðöldum og rætt um aðgengi, miðlun og viðhald minjastaða. Gengið var um lítið húsasafn með gömlum aðfluttum húsum sem hafa fengið viðeigandi viðhald og endurbætur í þjóðgarðinum.

Starfsfólk Minjastofnunar Íslands er þakklátt fyrir hlýjar og góðar móttökur í Póllandi og þau tengsl sem hafa myndast við systurstofnunina *Narodowy Instytut Dziedzictwa*.



Mynd 5: Göng í tinnusteinsnámunum *Krzemionki*.



Mynd 6: Starfsfólk Minjastofnunar og fylgifiskar við *Krzemionki* safnið.
Ljósmyndari: Daníel Máni Jónsson.

Græn skref

Minjastofnun Íslands hefur frá árinu 2024 skilað inn niðurstöðum í það sem kallað er Grænt bókhald. Í Græna bókhaldið er m.a. safnað saman upplýsingum um þá þætti sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum, svo sem mæld notkun pappírs, útblásturs og magn úrgangs.

Á árinu gerðist stofnunin jafnframt þátttakandi í Grænum skrefum í ríkisrekstri og lauk á árinu fyrsta skrefinu af fimm. Þeir þættir sem horft er til í aðgerðum Grænna skrefa eru; Miðlun og stjórnun, Innkaup, Samgöngur, Rafmagn og húshitun, Flokkun og minni soun, Viðburðir og fundir og Eldhús og kaffistofur. Sett var á laggirnar Grænt teymi sem hefur umsjón með innleiðingu aðgerða en í teyminu starfa Margrét Valmundsdóttir, Sigríður Ósk Birgisdóttir og Inga Sóley Kristjönudóttir.

Ársfundur

Ársfundur Minjastofnunar Íslands *Að uppgrefti loknum: Miðlun og nýting minjastaða* var haldinn í lestrarsalnum í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15 í Reykjavík fimmtudaginn 28. nóvember. Alls voru fimm erindi tileinkuð þema fundarins. Þar var m.a. fjallað um hönnun á nýrri yfirbyggingu á Stöng í Þjórsárdal, Landnámssýninguna í Reykjavík og hvernig hún varð til, fornleifarannsókn í Höfnum á Reykjanesskaga og miðlun á minjum þar og uppfærða „útisýningu“ á Hofsstöðum í Garðabæ þar sem er að finna margmiðlun undir beru lofti og endurgerða skálatóft sem var rannsökuð á tíunda áratugnum. Fundinum var streymt á Youtube rás Minjastofnunar og hægt er að horfa á upptökuna hér: [Ársfundur 2024](#).

ÁRSFUNDUR MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS

SAFNAHÚSINU, HVERFISGÖTU 15 REYKJAVÍK
FIMMTUDAGINN 28. NÓVEMBER



AÐ UPPGREFTI LOKNUM
MIÐLUN OG NÝTING MINJASTAÐA

Dagskrá

13:00 *Opnunarerindi og minjaverndarviðurkenning 2024*
Dr. Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

13:10 *Yfirbygging skálans á Stöng í Þjórsárdal – hugmynd og framkvæmd*
Pétur H. Ármannsson arkitekt og sviðstjóri hjá Minjastofnun Íslands

13:30 *Ruins and Visions*
Sahar Ghaderi arkitekt

13:50 *Landnámsskáli í Reykjavík, moldarflag eða helgur staður?*
Guðný Gerður Gunnarsdóttir fyrrum borgarminjavörður og Hjörleifur Stefánsson arkitekt

14:10 Kaffi

14:30 *Vogur í Höfnum - Varðveisla til framtíðar?*
Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur

14:50 *Nýjungar í miðlun í Garðabæ*
Ólaf Breiðfjörð menningarfulltrúi í Garðabæ

15:10 Umræður - Panell

15:25 *Kynning á 50 ára afmæli byggingararfsárs Evrópu*
María Gísladóttir og Henny Hafsteinsdóttir, arkitektar á Minjastofnun Íslands

Fundarstjóri: Rúnar Leifsson



Mynd 7: Dagskrá ársfundar 2024.

Minjaverndarviðurkenning

Snorri Guðvarðsson og Kristjana Agnarsdóttir hlutu Minjaverndarviðurkenningu Minjastofnunar 2024 á ársfundi stofnunarinnar. Viðurkenninguna hljóta Snorri og Kristjana fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar á Íslandi sem speglast í áratugastarfi þeirra á sviði málunar á friðlýstum og friðuðum kirkjum og húsum.

Starfsferill Snorra spannar tæp 50 ár og þar af hefur Kristjana unnið með honum í meira en 20 ár. Sérsvið þeirra hjóna er innanhússmálun á friðlýstum og friðuðum kirkjum og húsum um land allt og er óhætt að segja að þau séu meðal fremstu sérfræðingar landsins á þessu sviði. Þau leggjast í rannsóknir á eldri málningarlögum og litasamsetningum og færa litaval og málningaráferð til upprunalegs horfs. Þau hafa sérhæft sig í viðar- og marmaramálun, gyllingu og alls kyns skreytingum ásamt vinnu með línolíumálningu og önnur efni fyrri tíma sem krefjast sérþekkingar og sérstakrar meðhöndlunar. Þau hafa unnið við málun og viðgerðir á að minnsta kosti 76 kirkjum víðsvegar um landið sem og við mörg hús í húsasafni Þjóðminjasafnsins í gegnum árin auk annarra friðlýstra húsa víðsvegar um landið. Í heimabænum Akureyri hafa þau unnið við málun á mörgum af elstu húsum bæjarins eins og Gamla spítala (Gudmanns Minde), Nonnahúsi, Friðbjarnarhúsi, Sigurhæðum, Menntaskólanum (Gamla skóla), Samkomuhúsinu auk annarra húsa í einkaeigu. Sem dæmi um ástríðu fyrir handverkinu er að þau skildu eftir litaspjöld fyrir öll gömlu húsin í eigu Akureyrarbæjar til að vandað yrði til verka við málum þeirra til framtíðar. Öll þau hús sem þau hafa tekið að sér eru þjóðarprýði og bera hæfileikum þeirra fagurt vitni.



Mynd 8: Rúnar Leifsson, forstöðumaður, segir frá starfi Snorra og Kristjónu.
Ljósmyndari: Sverrir Páll Snorrason.



Mynd 9: Snorri og Kristjana taka við viðurkenningunni frá Rúnari.
Ljósmyndari: Sverrir Páll Snorrason.

Minjastofnun Íslands þakkar Snorra og Kristjónu kærlega fyrir mikilvægt framlag til minjaverndar á Íslandi undanfarna áratugi!

Verkefni ársins

Stöng

Þriðjudaginn 1. október fór fram opnun á nýrri yfirbyggingu skálans á Stöng í Þjórsárdal. Stofnunin fagnar þeim mikilvæga áfanga að lokið hefur verið við yfirbygginguna sem hönnuð var af arkitektunum Karli Kvaran og Sahar Ghaderi hjá SP(R)INT STUDIO. Magnús Guðmundsson, skrifstofustjóri í umhverfis- orku- og loftlagsráðuneyti, opnaði húsið formlega fyrir hönd ráðherra. Rúnar Leifsson, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, ávarpaði gesti og Karl Kvaran, arkitekt sagði frá hönnun hússins. Þá fræddi Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, gesti um fornleifarnar á staðnum og sögu Þjórsárdals.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem byggt er yfir fornleifarnar á Stöng. Fljótlega eftir fyrstu fornleifarannsóknina á staðnum á fjórða áratug síðustu aldar var skýli reist yfir minjarnar þeim til verndar og miðlunar. Svo í annað sinn árið 1957 þegar skýlið var úr sér gengið. Fyrir rúmum áratug efndu Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands), ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu og Skeiða- og Gnúpverjahreppur til samvinnu um að bæta aðgengi að minjum í Þjórsárdal og miðlun upplýsinga um þær. Árið 2012 fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og í kjölfarið efndi Fornleifavernd ríkisins, í samvinnu við Arkitektafélag Íslands, til hugmyndasamkeppni um tillögur að hönnun ásýndar og umhverfis fornleifa við Stöng í Þjórsárdal. Alls bárust þrettán tillögur í keppnina og voru úrslit kynnt í nóvember 2012. Dómnefnd var einhuga um að veita tillögu arkitektanna Karls Kvaran og Sahar Ghaderi 1. verðlaun.



Mynd 10: Nýja yfirbyggingin á Stöng. Ljósmyndari: Claudio Parada Nunes.



Mynd 11: Skálarústin á Stöng undir nýrri yfirbyggingu.

Í vinningstillögunni kusu höfundarnir að afmarka minjasvæðið á bæjahólnum með samfelldum timburpalli sem í senn myndaði umgjörð um minjarnar og var um leið göngustígur og útsýnispallur. Af pallinum áttu gestir að geta notið fornleifa, náttúru og annars efnis sem miðlað er á svæðinu. Auk þessa var hugað að aðstöðu fyrir fræðimenn sem í framtíðinni kunna að vinna að rannsóknum á svæðinu. Gert var ráð fyrir því að yfirfæra mætti hugmyndina á aðra sambærilega minjastaði. Upphafleg hugmynd arkitektanna var að reisa nýtt hús yfir minjarnar en á seinni stigum verkefnisins var ákveðið að vinna frekar með form og burðargrind skýlisins sem fyrir var á staðnum fremur en að reisa alveg nýja yfirbyggingu. Í stað bárujárns á þaki er notast við gagnsætt báruplast (*polycarbonate*) sem veitir dagsbirtu inn í rýmið. Stór gluggaop eru á göflum sem opna sýn inn að skálarústinni. Á austurgafli eru dyr að innisvölum þaðan sem horfa má yfir fornleifasvæðið.

Lagður hefur verið nýr stígur með þægilegum halla frá áningarstað og bílastæði við nýja göngubrú og áfram upp brekkuna að bæjarhólnum. Minjastofnun Íslands vinnur að fræðsluefni og miðlun fyrir svæðið.

Framkvæmdir við yfirbyggingu skálarústarinnar hófust í ágúst 2023 og var þeim að fullu lokið ári síðar. Verktaki við smíði húss og jarðvinnu var Langeldur ehf. VSB verkfræðistofa sá um burðarþolshönnun.

Með byggingunni er stórt skref stigið í minjavernd, aðkomu og aðstöðu gesta sem koma í tugþúsundatali á ári hverju til að berja augum þær einstöku minjar frá víkingaöld sem er að finna á Stöng og þekktar eru langt út fyrir landsteinana.

**„Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.“**

- Einar Benediktsson



Mynd 12: Yfirbyggingin úr fjarska, horft til suðausturs.



Mynd 13: Bygging sem kom í ljós við fornleifarannsókn árið 2023, austan við skálarústina. Ákveðið var að varðveita hana með skálanum.

Stærstur hluti byggðarinnar í Þjórsárdal fór í eyði snemma á miðöldum en skógurinn var nýttur áfram til kolagerðar og járnvinnslu langt fram eftir öldum. Engu að síður slapp dalurinn við rask af völdum seinni tíma landbúnaðar og vélvæðingar. Rúmlega 20 fornbylí hafa verið skráð í dalnum, sem eru að mestu óröskuð af mannavöldum, en hins vegar býsna illa farin eftir glímutök náttúruaflanna í aldanna rás. Bæjarstæði Stangar er hluti umfangsmikillar minjaheildar í Þjórsárdal og árið 2020 urðu þau merku tímamót að dalurinn var friðlýstur í heild sinni sem búsetu- og menningarlandslag. Það er í fyrsta skipti í sögu minjaverndar á Íslandi sem svo stórt svæði er friðlýst. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita og vernda heildstætt en viðkvæmt menningarlandslag til framtíðar en jafnframt að greiða fyrir miðlun og rannsóknunum.

Framkvæmdir á minjastöðum kalla á fornleifarannsóknir og Stöng er þar ekki undanskilin. Þar sem nýja yfirbyggingin yfir skálarústina er stærri en sú sem fyrir var, þurfti að grafa 4 metra til austurs. Við fornleifarannsókn á því svæði kom í ljós lítil bygging sem virðist vera eldri en skálinn sjálfur en var þó í notkun um nokkurt skeið á sama tíma og búið var í skálanum. Svo virðist sem innangengt hafi verið úr byggingunni inn í eldri skála sem vísbendingar eru um að sé að finna undir þeim sem nú er sýnilegur (sbr. rannsóknir Þjóðminjasafnsins á 9. og 10. áratugum síðustu aldar). Frekari rannsókna er þörf til að skilja að fullu samband hinnar nýfundnu byggingar við önnur mannvirki á bæjarhólnum.



Mynd 14: Gestir á formlegri opnun nýrrar yfirbyggingar á Stöng í Þjórsárdal þann 1. október 2024.

Sérstakar þakkir

Minjastofnun Ísland þakkar Landsáætlun um uppbyggingu innviða og umhverfis- orku og loftslagsráðherra fyrir að fjármagna þessa björgunarframkvæmd. Án skilnings og framsýni stjórnar sjóðsins hefði verkefni þetta ekki orðið að veruleika. Stofnunin þakkar einnig Framkvæmdasýslu ríkiseignum og Exa Nordic fyrir utanumhald og Langeldi ehf. fyrir glæsilega framkvæmd og gott samstarf á vettvangi. Strá – jarðvinnuverktökum, Heimi Ólafssyni í Glóru fyrir stígagerðina, Sigurði Unnari Sigurðssyni verkfræðingi, Hannesi Erni Jónssyni hjá VSB og fornleifafræðingunum Ragnheiði Gló Gylfadóttur og Sólveigu Guðmundsdóttir Beck hjá Fornleifastofnun Íslands ses.

Brekkaheiði

Vegna fyrirhugaðrar vegagerðar á Brekkaheiði í Langanesbyggð var unnin fornleifaskráning (*Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekkaheiði í Langanesbyggð*). Snemma árs fékk Minjastofnun vegaframkvæmdina inn til umsagnar og var þá ljóst að á einum stað þurfti að grípa til mótvægisáðgerða en skoða þurfti fornleif NÞ-112:077. Í skýrslunni segir: „Þústin er mjög afgerandi í túninu. Á þessum stað hefur líklega verið náttúrulegur hóll sem síðan hefur verið byggt á. Túnið hefur verið sléttað og engar vísbendingar um mannvist sjást lengur á yfirborði. Líklega leynist þó talsverðar mannvistarleifar undir sverði.“

Í ljósi ályktunar fornleifafræðinga um að mannvist leynist í þústinni var það mat Minjastofnunar að ráðast þyrfti í gerð könnunarskurðar á svæðinu. Vegagerðin réð Antikva ehf. til verksins og fóru þau á svæðið í júní 2024. Grafinn var 18 metra langur skurður í hólinn, og í ljós komu leifar af því sem virðist vera mannabústaður eða bæjarhóll. Tveir torfveggir fundust og greinilegt gólf á milli þeirra. Í gólfinu voru viðarkol, móaska og viðarleifar, en ofan á því var torfhrun. Austan við mannvirkið komu í ljós hellur, sem líklega hafa verið hluti af stétt, og vestast við mannvirkið var þykkt kolalag. Greinilega var mikil mannvist á svæðinu og hér er um mannabústað eða bæjarhól að ræða. Tveir til þrír byggingarfasar eru greinanlegir í mannvirkinu, og mannvistarleifar fundust bæði undir torfveggnum að vestan og fyrir utan mannvirkið. Ljóst er að þarna er líklega bæjarstæði frá 10. – 11. öld. Því var fundað með Vegagerðinni til finna lausn á málinu og niðurstaðan varð sú að vegurinn var færður um 5 metra frá mannvirkinu og til að koma í veg fyrir óþarfa rask verður girt umhverfis það á framkvæmdatímanum.



Mynd 15: Tóft NÞ-112:077 fyrir uppgröft. Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson.



Mynd 16: Minjar í könnunarskurðinum. Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson.

Hornstrandir

Síðastliðin ár hefur staðið yfir verkefni á Hornströndum á vegum Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnun) sem felur í að endurhlaða gamlar vörður á svæðinu. Fyrir Hornstrendinga voru þessar vörður lífsnauðsyn til þess að komast á milli byggðarlaga þar sem þar var allra veðra von og þekkt fyrir mikla þoku. Það má því leiða líkum að því að þær hafi upphaflega verið hlaðnar þegar búseta hófst á Hornströndum. Eins og önnur mannvirki þá láta vörðurnar á sjá með tímanum og því var þörf á reglulegu viðhaldi. Þess er enn þörf í dag þó að nú séu að verða rúm 80 ár frá því að byggð lagðist af á Hornströndum. Sá hópur fólks sem notar leiðirnar nú til dags er þó töluvert ólíkur þeim sem þær áður fóru, um er að ræða göngufólki sem ganga þessar leiðar sér til heilsubótar og til þess að upplifa stórfenglegt landslag og náttúru. Þannig er menningarlandslaginu haldið við þó að ástæður ferðalaganna séu ekki þær sömu. Í júlí 2024 slóst minjavörður Vestfjarða í vörðuhleðsluhópinn. Markmið ferðarinnar var að endurhlaða vörður frá Kjaransvík að Hesteyrarbrúnum. Kristín Auður Kelddal Elíasdóttir hleðslumeistari leiðbeindi við verkið. Vörðurnar voru í misjöfnu ástandi sumar voru alveg fallnar og þurfti þá að hlaða alveg nýja vörðu en aðrar þurfti aðeins að lappa upp á. Þrátt fyrir að vörðurnar láti ekki mikið yfir sér og virðast hlaðnar á handahófskenndan hátt þá er svo ekki. Það þarf að huga að því, eins og svo mörgu í lífinu, að þær séu hlaðnar á góðum grunni, finna steina sem eiga saman og hlaða þar til einn steinn er lagður á toppinn og verkinu er lokið og að þeirri næstu. Þar með geta komandi kynslóðir gengið sömu leiðir og kynslóðirnar á undan.



Mynd 17: Hleðslumeistari ásamt vörðuhleðsluhópnum að endurhlaða vörðu á leiðinni frá Kjaransvík að Hesteyrarbrúnum.

Efri-Jökuldalur

Undanfarin ár hefur Vegagerðin unnið að endurbótum á veginum á Efri-Jökuldal. Árið 2024 var unnið á svæðinu á milli Arnórsstaða og Hákonarstaða. Fornleifaskráning var unnin á svæðinu vegna þessara framkvæmda af Sagnabrunni ehf. og var þar skráð tóft sem stóð nálægt veginum á svæði sem kallast Arnórsstaðasel. Þar sem fyrirséð var að hún yrði fyrir raski vegna framkvæmdanna fór Minjastofnun fram á könnunarskurð til að afla upplýsinga um aldur minjanna sem og hvort mögulega kynnu eldri minjar að leynast þar undir sverði. Rannsóknirnar voru einnig unnar af Sagnabrunni ehf. og leiddu niðurstöður könnunarrannsóknar í lok árs 2023 í ljós að undir tóftinni var torfveggur frá 10. öld. Frekari rannsóknar var þörf og árið 2024 voru fleiri könnunarskurðir teknir sem og svæðið opnað frekar til að átta sig á umfangi minjanna. Í ljós kom að tóftin sem sást á yfirborði hefur verið ofan á skála frá 10. öld. Liggur skálinn í norður-suður og er um 22,8 m að lengd og 10 m að breidd. Veggirnir virðast eingöngu vera byggðir úr torfi en talið er að skálinn hafi verið kominn úr notkun snemma á 11. öld. Ekki liggur fyrir hvort um sé að ræða íveruhús með fasta búsetu eða sel með árstíðabundna búsetu.

Í ljósi þessa fundar var ákveðið að hnika veginum lengra til vesturs frá skálarústinni. Skálinn er því enn að mestu óraskaður á sínum stað og bíður eftir því að áhugasamir fornleifafræðingar framtíðarinnar freisti þess að rannsaka hann nánar og auðga þar með frekar sögu Jökuldals.



Mynd 18: Skálinn við lok rannsóknar. Ljósmyndari: Rannveig Þórhallsdóttir.

Laugarnes

Minjasvæðið á Laugarnestanga í Reykjavík var áberandi á árinu. Á svæðinu er nokkuð heildstætt menningarlandslag þar sem hægt er að lesa um, og upplifa minjar frá mismunandi tímabilum í sögu okkar, frá landnámi til dagsins í dag. Þar fléttast saman saga ólíkra stétta samfélagsins, samspil náttúru og minja ásamt sjónrænni tengingu út í Viðey.

Á vordögum vakti svæðið áhuga dagskrárgerðarfólks Samfélagsins á Rás 1 og sá minjavörður Reykjavíkur um útvarpsleiðsögn „flakkað um Laugarnes“ sem má hlusta á [hér](#).

Um haustið fóru fram Menningarminjadagar Evrópu þar sem þema ársins var *leiðir, samskipti og tengingar*. Metaðsókn var í sögugöngu um Laugarnestangann en þangað mættu um 160 manns og hlýddu á Þuríði Sigurðardóttur, söng- og myndlistarkonu segja frá minjum og umhverfi á sínum heimaslóðum. En þess má geta að þema Menningarminjadaga á næsta ári er *Byggingararfurinn*, sem markar einnig 50 ára tímamót frá „Evrópska húsverndarárinu 1975“ og mun Minjastofnun Íslands fagna þessum tímamótum með ýmsum hætti og í samstarfi við aðrar stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki.



Mynd 19: Mikill mannfjöldi í sögugöngu á Laugarnesi.



Mynd 20: Gengið að Laugarnesinu með Þuríði Sigurðardóttur.

Verndarsvæði í sjó

Undanfarin ár hefur Háskóli Íslands boðið uppá vikulangt námskeið í Umhverfis- og auðlindafræði sem nefnist Verndarsvæði í sjó. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Minjastofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Stjórnun verndarsvæða í sjó er gjarnan í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra staðbundinna aðila. Virk verndarsvæði í hafi eru þó enn fágæt og aðeins um 8% alls hafsvæðis er alfriðað. Námskeiðið er venjulega kennt aðra vikuna í maí ár hvert í Stykkishólmi, með áherslu á verndarsvæði Breiðafjarðar. Í námskeiðinu er fjallað um hugmyndafræði verndarsvæða í sjó, sem og verklag við gerð stjórnunar- og verndaráætlana með áherslu á eyjasamfélög eins og Ísland. Námskeiðið byggist á kennslu, vettvangsferðum og hópavinnu og hefur Minjavörður Vesturlands tekið virkan þátt í kennslunni.

Breiðafjörðurinn er eitt sögu- og minjaríkasta svæði Íslands. Þar þróuðust einstakir búskapar og sjávarhættir sem mjög mikilvægt er að vernda. Fjörðurinn hefur verið í byggð allt frá landnámi. Þar þóttu landkostir miklir, ríkt dýralíf og mikill hlunnindabúskapur, fólk svalt aldrei við Breiðafjörð. Þar voru 3 af stærstu verstöðvum á seinni hluta 19. aldar í Oddbjarnarskeri, Bjarneyjum og Höskuldsey. Dvöldu þar allt að 200 til 300 manns vor og haust. Helstu bátasmiðir landsins komu frá Breiðafirði en þeir þróuðu með sér einstaka bátahönnun sem er kennd við fjörðinn, enda hófust landafundirnir „miklu“ í Breiðafirði. Í Flatey er best varðveitti byggðakjarni landsins frá seinni hluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20. Þorpið í Flatey á Breiðafirði er til dæmis skilgreint sem verndarsvæði í byggð.



Mynd 21: Þorpið í Flatey.



Mynd 22: Silfurgarðurinn í Flatey.

Þverá í Blönduhlíð

Síðsumars bárust minjaverði norðvesturlands nokkrir jarðfundnir gripir frá Þverá í Blönduhlíð í Skagafirði. Finnandi var Halldór Stefánsson á Þverá, nemandi í 10. bekk Varmahlíðarskóla. Gripirnir fundust í túni norðan við bæ þar sem heitir Sturlugerði eða Kollugerði og eru nú komnir á Þjóðminjasafnið til öruggrar vörslu. Auk nagla og skeifnabrota var þar á meðal ákaflega merkilegur gripur, næla frá Víkingaöld.

Nælan er í Borróstíl og fellur samkvæmt Guðrúnu Öldu Gísladóttur gripafræðingi í flokkinn Smykker 126a hjá Jan Petersen í bók hans Vikingetidens smykker (bls. 121). Borróstíllinn kemur fram á sjónarsviðið á síðari hluta 9.aldar og eru gripir af þeirri gerð smíðaðir fram undir lok þeirrar 10du og er nafnið dregið af fjölda gripa með mynstri af þessu tagi sem fundust í grafhaugum í Borró í Vestfold í Noregi á síðari hluta 19. aldar. Áður hafa fundist minnst níu nælur með Borrómynstri á Íslandi samkvæmt M.A. rigerð Karlottu S. Ásgeirsdóttur, Dvergar á öxlum – Greining á víkingaaldarnælum á Íslandi frá heiðnum sið (bls. 42). Hvort nælan á Þverá er upphaflega komin úr kumli eða hvort eigandi hennar hafi tínt henni á þessum stað er óljóst en þarna er í dag slétt tún og engar minjar að sjá á yfirborði. Ekki er uppi áætlun um frekari rannsókn á staðnum að svo stöddu en það er sannarlega tilefni til.



Mynd 23: Á nælunni má vel greina Borrómynstrið.



Mynd 24: Nælan er aðeins um 3 cm í þvermál.

Verndun og friðlýsingar

Fjórar friðlýsingartillögur Minjastofnunar Íslands voru staðfestar á árinu af Guðlaugi Þór Þórðarsyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Friðlýst voru:

Borgarneskirkja í Borgarnesi, Alþingisgarðurinn í Reykjavík, Hólmur í Landbroti og menningarlandslag Hofstaða í Mývatnssveit.

Borgarneskirkja við Bröttugötu 8 í Borgarnesi

Borgarneskirkja var friðlýst við hátíðlega athöfn í kirkjunni fimmtudaginn 9. maí. Borgarneskirkja var hönnuð og byggð á árunum 1942–1959 eftir uppdráttum Halldórs H. Jónssonar arkitekts. Hún er með hefðbundnu langkirkjulagi með forkirkjuturni, miðskipi og kór. Turninn á vesturstafni er með sveigðu, topplaga þaki og krossmarki efst. Turninn nær að hluta inn í miðskip kirkjunnar sem er með hlutfallslega lágum langveggjum og háu, bröttu mænispaki. Á hvorri langhlið eru fjögur gluggaútskot sem ganga fram úr veggnum og ná upp í þakflötinn þar sem þau mynda kvisti með mænispaki. Við austurstafn er bogamyndaður kór undir lægra þakformi. Gluggar kirkjunnar eru með gotneskum oddboga.

„Borgarneskirkja er sérstök bygging því hún er tiltölulega hefðbundin bygging, langkirkjubygging, að ytra formi með turni við vesturstafn en innandyra þá er hún í raun mjög nútímaleg og framúrstefnuleg fyrir sinn tíma.“

-Pétur H. Ármannsson



Mynd 25: Borgarneskirkja.



Mynd 26: Fjöldi fólks mætti á athöfnina í Borgarneskirkju.

Alþingisgarðurinn við Kirkjustræti 14 í Reykjavík

Á köldum en fallegum vetrardegi þann 18. nóvember var Alþingisgarðurinn við Kirkjustræti 14 í Reykjavík friðlýstur af ráðherra. Garðurinn er elsti og best varðveitti almenningsgarður við opinbera byggingu á Íslandi. Hann markar tímamót í íslenskri garðsögu þar sem hann er fyrsti garðurinn sem var hannaður áður en framkvæmdir við hann hófust. Varðveitt er teikning eftir Tryggva Gunnarsson alþingismann þar sem hann sýnir hvar hinar ýmsu plöntutegundir eru staðsettar. Alþingi samþykkti byggingu garðsins árið 1893 og hófust framkvæmdir þá um haustið. Var þeim að mestu lokið ári síðar. Tryggvi stóð fyrir verkinu en hann hafði áður haft umsjón með byggingu Ölfusárbrúar og komið að byggingu Alþingishússins.

Eftir að stjórnmalastörfum lauk sá Tryggvi um hirðingu garðsins allt til dauðadags 1917. Tryggvi var jarðsettur í garðinum að hans ósk og á leiðinu er minnisvarði eftir Ríkarð Jónsson myndhöggvara. Alþingisgarðurinn hefur haldið upprunalegu formi sínu svo til óbreyttu allt til dagsins í dag og hefur alltaf verið í góðri umhirðu. Minni háttar breytingar og endurbætur sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina hafa ekki snert grundvallarform garðsins.

Friðlýsingin er gerð að tillögu Minjastofnunar Íslands og er í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar (18.gr.) sem fjallar um friðlýsingu húsa og mannvirkja eða hluta þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsingin byggir á greinargerð Félags íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) þar sem gerð er tillaga að friðlýsingu nokkurra garða á Íslandi (Garðar – lifandi minjar - Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða).



Mynd 27: Ráðherra undirritar friðlýsingarskjalið



Mynd 28: Alþingisgarðurinn skartar sínu fínasta.

Hólmur í Landbroti í Skaftárhreppi

Þann 4. desember var Hólmur í Landbroti friðlýstur en friðlýsingin tekur til heimarafstöðvar og stíflu (byggð 1938); byggingar sem hýsti m.a. járnsmíðaverkstæði, frystihús og sláturhús (1930), íbúðarhúss (1930) og smíðaskóla (1946).

Hólmur í Landbroti er merkur staður í byggðasögu Skaftárhrepps og Vestur-Skaftafellsýslu á 20. öld. Hólmur gegndi mikilvægu hlutverki í sögu rafvæðingar á Íslandi ásamt þróun trésmíðanáms í dreifbýli á 20 öld. Þau mannvirki á Hólmi sem nú hafa verið friðlýst hafa varðveist nánast óbreytt með verkfærum og búnaði og er menningarsögulegt gildi þeirra einstakt með tilliti til tæknisögu landsins og byggðasögu héraðsins.

Að Hólmi bjó (1891-1938), sem var kunnur vélsmiður og hugvitsmaður, og brautryðjandi í rafvæðingu íslenskra sveita. Fyrstu rafstöð sína setti hann upp árið 1921 en alls setti hann upp ríflega 100 rafstöðvar fyrir einkaheimili víðs vegar um land og smíðaði túrbínur í þær flestar. Uppsett afl var samtals 813,2 kW og virkjanir sem Bjarni smíðaði voru í 11 sýslum, eða í nærri helmingi sýslna þess tíma.

Friðlýsingin tekur til heimarafstöðvar og stíflu (byggð 1938); byggingar sem hýsti m.a. járnsmíðaverkstæði, frystihús og sláturhús (1930), íbúðarhúss (1930) og smíðaskóla (1946).



Mynd 29: Hólmur í Landbroti, íbúðarhúsið og smíðaskólinn.



Mynd 30: Kennslustofa smíðaskólans.

Menningarlandslag Hofstaða í Mývatnssveit

Menningarlandslag Hofstaða var friðlýst korter í júl, þann 19. desember. Friðlýsingin nær yfir aldursfriðaðar og friðlýstar menningarminjar á Hofstöðum og umhverfi þeirra. Ef áður óþekktar minjar finnast innan svæðisins falla þær einnig undir skilmála friðlýsingarinnar. Uppistandandi íbúðarhús og útihús á jörðinni eru undanskilin friðlýsingunni.

Í rökstuðningi Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögu kemur fram mikilvægi þess að vernda þá minjaheild sem menningar- og búsetulandslag á Hofstöðum mynda bæði vegna einstakra fornleifa en einnig að rannsóknarsaga svæðisins sé einstök. Á Hofstöðum eru minjar stórbýlis og trúarmiðstöðvar frá 10. öld, þ.m.t. stór skáli, merki um heiðin blót, kirkja og kirkjugarður. Skálinn er með stærstu víkingaaldarbyggingum sem grafnar hafa verið upp á Íslandi.



Mynd 31: Umfang friðlýsingar menningarlandslags Hofstaða

Fyrsti rannsóknarleiðangurinn var farinn til Hofstaða árið 1877 þegar Kristian Kålund lýsti skálanum í riti sínu um merka sögustaði á Íslandi og sama gerði Brynjúlfur Jónsson sem var á Hofstöðum sumarið 1900 og lýsti skálatóftinni í Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Sumarið 1908 var skálatóftin rannsökuð í einum af fyrstu meiriháttar vísindalegu fornleifauppgröftum á Íslandi af Daniel Bruun og Finni Jónssyni. Helstu niðurstöður þeirra voru að þar væri stór veislusalur með hofi við norðurendann og ruslagryfju en óvanaleg stærð skálans vakti athygli langt út fyrir landsteinana.

Næsta fornleifarannsókn á Hofstöðum var árið 1965 þegar Olaf Olsen gróf í ruslagryfjuna og komst að þeirri niðurstöðu að þar hefði farið fram matseld fyrir blótveislurnar sem haldnar voru í skálanum.

Upp úr 1990 hófst 30 ára rannsóknarsaga Fornleifastofnunar Íslands ses. á svæðinu. Helstu niðurstöður þeirra eru að skálinn var í notkun frá um 940-1030 og eru sterkar vísbendingar um sérstaka nýtingu skálans. Í framhaldi hófst rannsókn á kirkju og kirkjugarði, elsta kirkjan á Hofstöðum var reist seint á 10. öld en hætt var að jarða í kirkjugarðinum um 1300. Norðan við túnin á Hofstöðum fannst árið 2016 skáli byggður fyrir 940, og hafa þar komið í ljós útihús og mögulega kuml. Hluti minjanna er enn sýnilegur í túni Hofstaða, veisluskálinn er mjög greinilegur, en einnig má sjá kirkjugarð, kirkjutóft, bæjarhól, túngarða og fleiri minjar.

Á Hofstöðum er starfrækt vettvangsakademía á sviði fornleifafræði, minjaverndar og menningarferðaþjónustu. Rannsóknir verða áfram stundaðar á svæðinu og munu bæta við þekkingu á sögu staðarins og sveitarinnar í heild.



Mynd 32: Loftmynd af rannsóknarsvæði Hofstaða. Ljósmynd: Árni Einarsson.



Mynd 33: Yfirlitsmynd af menningarlandslagi Hofstaða.

Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði, mönnuð hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði ásamt fundargerðum má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).

Fornminjanefnd:

- **Andrés Skúlason**, formaður, skipaður án tilnefningar
- **Ármann Guðmundsson**, varaformaður, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- **María Karen Sigurðardóttir**, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- **Andrés Pétursson**, tilnefndur af Rannís
- **Anna Guðrún Björnsdóttir**, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Húsafriðunarnefnd:

- **Arnhildur Pálmadóttir**, formaður, skipaður án tilnefningar
- **Ágúst Hafsteinsson**, varaformaður, skipaður án tilnefningar
- **Sigbjörn Kjartansson**, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands
- **Magnús Karel Hannesson**, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- **Helga Maureen Gylfadóttir**, tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn fornminjanefndar:

- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, skipaður án tilnefningar
- Guðmundur Ólafsson, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- Sigríður Þorgeirsdóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- Steinunn S. Jakobsdóttir, tilnefnd af Rannís
- Valur Rafn Halldórsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Varamenn húsafriðunarnefndar:

- Hanna Rósa Sveinsdóttir, skipaður án tilnefningar,
- Guðmundur Þór Guðmundsson, skipaður án tilnefningar,
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands,
- Margrét Þórmarr, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Örlygur Kristfinnsson, tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

Innlent samstarf

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum. Magnús Skúlason, arkitekt, sinnir Húsverndarstofu á Árbæjarsafni fyrir hönd Minjastofnunar.

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í eftirfarandi ráðum og nefndum:

- Kirkjugarðaráð
- Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Breiðafjarðarnefnd
- Samráðsnefnd um menningarsamninga UNESCO

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- Rammaáætlun - vernd og orkunýting landsvæða
- Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM)
- Fagráð náttúruminjaskrár
- Íslandsdeild ICOMOS
- Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi
- Samráðsnefnd um Þjórsárdal
- Samráðsnefnd um Bessastaði

Á árinu settist fulltrúi Minjastofnunar Íslands í stjórn Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) en miðstöðin er samstarf 15 stofnana um uppbyggingu stafrænna innviða til rannsókna í hugvísindum og listum.

Alþjóðlegt samstarf

NHHF (Nordic Heritage Heads Forum)

EHHF (European Heritage Heads Forum)

EHLF (European Heritage Legal Forum)

EAC (Europae Archaeologiae Consilium)

NBM (Nordic Working Group on Biodiversity)

EHD (European Heritage Days)

Hægt er að lesa nánar um samstarfsverkefni Minjastofnunar Íslands [hér](#).



Mynd 34: Rúnar Leifsson forstöðumaður er fulltrúi Íslands á árlegu málþingi EHHF.

Franski sendiherrann í heimsókn

Fimmtudaginn 31. október mætti sendiherra Frakklands Guillaume Bazard og menningarfulltrúi sendiráðsins Renaud Durville, á aðalskrifstofu Minjastofnunar Íslands á Suðurgötu í Reykjavík. Sendiherrann hafði óskað eftir fundi til að fræðast um starfsemi stofnunarinnar og menningarminjar á Íslandi. Á fundinum var einnig rætt um rekstur minjastaða, uppbyggingu og viðhald á þeim sem og fjármögnun fornleifarannsókna á Íslandi og í Frakklandi. Sendiherrann fór vel yfir fyrirkomulag þessara mála í Frakklandi og var afar gagnlegt að bera það saman við fyrirkomulagið hér á landi.

Við þökkum Guillaume Bazard og Renaud Durville innilega vel fyrir góða heimsókn.

Menningarminjadagar Evrópu

Menningarminjadagar Evrópu 2024 fóru fram í september þar sem þema ársins var *leiðir, samskipti og tengingar*. Alls tóku sjö skipuleggjendur þátt sem voru samanlagt með 14 viðburði er dreifðust yfir mánuðinn. Skipuleggjendur voru Borgarsögusafn Reykjavíkur (Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Landnámssýningin), Elliðaárstöð, Kirkjugarðar Reykjavíkur, Samband íslenskra listamanna, Skálholt, Skriðuklaustur og Þúra – Þuríður Sigurðardóttir, söng- og myndlistarkona. Auk þeirra útbjó starfsmaður Minjastofnunar gönguleið um Þingmannaveg sem hægt er hlaða niður í snjall tæki (sjá hér: [Gönguleið yfir Vaðlaheiði](#)).

Það var vel mætt á alla viðburði en alls mættu tæplega 500 gestir á Menningarminjadagana að þessu sinni sem er metþátttaka síðan Ísland tók fyrst þátt í dögnum árið 2017.

Listi yfir viðburði er að finna á alþjóðasíðu EHD, hér: [European Heritage Days - Iceland](#)

Minjastofnun Íslands sendir innilegar þakkir til skipuleggjenda sem og sérfræðinga, leiðsöguþólks og allra þeirra sem lögðu hönd á plóg í viðburðahaldi Menningarminjadagana árið 2024.



Mynd 35: Svipmyndir frá viðburðum á menningarminjadögum á Íslandi.

Leyfisveitingar

Fornleifarannsóknir


Árið 2024 voru veitt leyfi til 50 fornleifarannsókna. Vísindarannsóknir voru 20, rannsóknir vegna framkvæmda voru 25, björgunarrannsóknir voru 1 og 3 leyfi voru vegna eftirlits með framkvæmdum. Ein rannsókn fór ekki fram og önnur hófst seint á árinu og fór að mestu fram á árinu 2025. Voru fornleifarannsóknir með jarðraski því alls 48.

Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22
2020	44	15
2021	60	17
2022	55	24
2023	56	30
2024	50	20


Inn- og útflutningur menningarminja

Árið 2024 bárust alls 19 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta. 4 leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis, 3 leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta og 12 leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar. Einnig barst ein tilkynning um skil á sýnum úr fornleifarannsókn til Íslands.

Hlutfall leyfa eftir minjasvæðum



Leyfi til útflutnings menningarverðmæta



Skráning menningarminja

Hús og mannvirki

Á árinu tók Minjastofnun Íslands við 10 húsakönnunum, þar af voru 9 unnar í tengslum við skipulagsvinnu og ein var unnin í rannsóknarskyni. Var staðan sú við árslok að öllum skýrslum hafði verið skilað og voru orðnar aðgengilegar í Minjavefsjónni sem og á sérstakri vefsíðu.


Fornleifar

Alls bárust Minjastofnun 125 fornleifaskráningarskýrslur ásamt tilheyrandi gögnum úr 124 skráningarverkefnum.


Áfram var unnið að því að setja skráningargögn úr fornleifaskráningum í landfræðilegan gagnagrunn stofnunarinnar en hann innihélt undir lok árs upplýsingar um rúmlega 20 þúsund fornleifar. Hið sama má segja um þær skýrslur sem bárust stofnuninni á árinu en unnið er að því jafnt og þétt að gera þær aðgengilegar í gegnum vefsíðu stofnunarinnar. Var staðan sú við árslok að 98% fornleifaskráningarskýrslna, sem til eru á rafrænu formi í fórum Minjastofnunar, voru orðnar aðgengilegar í Minjavefsjónni sem og á sérstakri vefsíðu.

Starfsfólk skráningardeildar vann einnig, í samráði við starfandi fornleifafræðinga, að uppfærslu á stöðlum og leiðbeiningum vegna fornleifaskráningar og standa vonir til að þeirri vinnu ljúki í upphafi árs 2025.

Hlutfall skráninga eftir minjasvæðum



Tílefni skráninga




Málafjöldi og viðfangsefni

Árið 2024 voru 1978 mál skráð í GoPro.net, málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Það er 62 máli fleira en árið 2023. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.


Samanburður við 2023

Heildarfjöldi mála árið 2023 var 1916, er því ekki mikill munur milli ára. Svo virðist sem fjöldi mála sé kominn í réttan farveg eftir talsverða skekkju milli áranna 2022 og 2023.


Heildarfjöldi mála




Málafjöldi eftir minjasvæðum, samanburður við 2023



Umsagnarskyld mál, samanburður við 2023




Umsagnarskyld mál eftir minjasvæðum




Einnig voru 20 mál sem dreifðust yfir *allt landið* sem ekki má sjá í töflu

Viðhald, endurbætur, forvarsla og útflutningur, samanburður við 2023



Önnur mál, samanburður við 2023



Fjármál

Fornminjasjóður 2024

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	% styrkt	Fornleifa-uppgröftur (og úrvinnsla)	Fornleifa-skráning	Rannsóknir á forngripum	Miðlun	Varðveisla og viðhald	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	3	1	33%	1					3,600,000
Reykjanes	5	2	40%	1	1				7,250,000
Vesturland	6	1	17%	1					8,000,000
Vestfirðir	10	2	20%	1				1	2,420,000
Norðurland vestra	4	2	50%	1	1				10,900,000
Norðurland eystra	8	3	38%	1	1			1	9,250,000
Austurland	7	3	43%	2	1				7,500,000
Suðurland	11	5	45%	5					24,050,000
Allt landið/fleiri en eitt minjasvæði/óstaðbundið	9	4	44%	1	1	2	1		6,715,000
Samtals	63	23		14	5	2	1	2	79,685,000
Fornleifauppgröftur/úrvinnsla	26	14	54%						
Fornleifaskráning	13	5	38%						
Miðlun	8	2	25%						
Rannsóknir á forngripum	6	1	17%						
Varðveisla/viðhald menningarminja	10	2	20%						
Samtals	63	24							

Tafla 1. Úthlutanir úr fornminjasjóði 2024.

Fornminjasjóði bárust alls 63 umsóknir um styrk árið 2024, samtals að upphæð 252. 569.150. kr. Styrkir voru veittir til 23 verkefna, samtals að upphæð 79.685.000 kr. Nánari upplýsingar um úthlutanir úr fornminjasjóð má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [hér](#).

Fornminjasjóður, rekstrarreikningur

Tekjur	
Tekjufærsla fjárveitinga	80,300,000
Framlög og ýmsar tekjur	0
Tekjur samtals	80,300,000
Gjöld	
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2,916,897
Framlög og tilfærslur	77,431,000
Annar rekstrarkostnaður	80,698
Gjöld samtals	80,428,595
Afkoma ársins	(-128,595)
Eigið fé	
Höfuðstóll í upphafi árs	4,039,106
Afkoma ársins	(-128,595)
Höfuðstóll í árslok	3,910,511

Tafla 2. Rekstrarreikningur fornminjasjóðs fyrir árið 2024.

Húsafriðunarsjóður 2024

<i>Svæði</i>	<i>Friðlýstar kirkjur</i>	<i>Friðlýst hús</i>	<i>Friðuð hús og mannvirki</i>	<i>Önnur hús og mannvirki</i>	<i>SAMTALS STYRKIR</i>
Höfuðborgarsvæðið	4,200,000	29,100,000	33,700,000	4,500,000	71,500,000
Suðurnes	5,800,000	3,500,000	500,000	4,000,000	13,800,000
Vesturland	5,700,000	6,900,000	3,700,000	-	16,300,000
Vestfirðir	13,000,000	3,200,000	21,900,000	1,000,000	39,100,000
Norðurland vestra	7,900,000	-	11,000,000	1,800,000	20,700,000
Norðurland eystra	13,200,000	700,000	30,800,000	4,600,000	49,300,000
Austurland	11,200,000	1,800,000	23,600,000	2,300,000	38,900,000
Suðurland	7,000,000	10,000,000	14,500,000	1,000,000	32,500,000
Húsakönnun					1,500,000
Rannsóknir og bókagerð					14,000,000
SAMTALS	68,000,000	55,200,000	139,700,000	19,200,000	297,600,000

Tafla 3. Úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 2024.

Húsafriðunarsjóði bárust alls 241 umsókn um styrk árið 2024, samtals að upphæð 1.283.649.610 kr. Styrkir voru veittir til 176 verkefna, samtals að upphæð 297.600.000 kr. Nánari upplýsingar um úthlutanir úr húsafriðunarsjóð má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [hér](#).

Húsafriðunarsjóður, rekstrarreikningur

Tekjur	
Tekjufærsla fjárveitinga	179,500,000
Framlög og ýmsar tekjur	57,558,900
Tekjur samtals	237,058,900
Gjöld	
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1,415,612
Framlög og tilfærslur	243,370,000
Annar rekstrarkostnaður	3,658,477
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	0
Gjöld samtals	248,444,089
Afkoma ársins	(-11,385,189)
Eigið fé	
Höfuðstóll í upphafi árs	14,189,154
Afkoma ársins	(-11,385,189)
Höfuðstóll í árslok	2,803,965

Tafla 4. Rekstrarreikningur húsafriðunarsjóðs fyrir árið 2024.

Minjastofnun Íslands, rekstrarreikningur

Tekjur	
Tekjufærsla fjárveitinga	355,800,000
Framlög og ýmsar tekjur	85,679,854
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	90,000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	7,664,853
Tekjur samtals	449,234,707
Gjöld	
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	310,697,066
Framlög og tilfærslur	(-1,464,000)
Annar rekstrarkostnaður	127,066,400
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	18,011
Afskriftir og niðurfærslur	7,664,853
Gjöld samtals	443,982,330
Afkoma ársins	5,252,377
Eigið fé	
Höfuðstóll í upphafi árs	27,088,756
Afkoma ársins	5,252,377
Höfuðstóll í árslok	32,341,133

Tafla 5. Rekstrarreikningur Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2024.

Ársskýrsla 2024

